

Fólkvangurinn í Stekkjarhrauni Hafnarfirði

Samningur um umsjón og rekstur

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579 gera með sér samning um umsjón og rekstur fólkvangsins í Stekkjarhrauni í Hafnarfirði í samræmi við 30.gr. laga umnáttúruvernd nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er 15,8 ha að flatarmáli, en Stekkjahraun er hluti af hraunum sem runnu frá Búrfellsseldum fyrir um 7000 árum, en hraunið er í beinu framhaldi af Gráhelluhrauni og hefur hraunið runnið um þróngan farveg milli Setbergshlíðar og Mosahlíðar.

2. gr.

Markmið samningsins


Markmið samningsins er að umsjón og rekstur fólkvangsins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum (nr. 398/2009) og reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

3. gr.

Mörk fólkvangsins.

Mörk fólkvangsins í Stekkjarhrauni eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti þar sem fram koma hnit, ISN-93, sem svæðið markast af.

A. P. P.
KIX



4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Hafnarfjarðarkaupstað skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í Stekkjarhrauni í samræmi við d lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Samið skal sérstaklega um skiptingu kostnaðar vegna gerðar verndaráætlunar.

5. gr.

Umsjón og landvarsla.

Hafnarfjarðarkaupstaður sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur með fólkvanginum í Stekkjarhrauni. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar. Ef ráðinn verður landvörður fyrir svæðið skal hann uppfylla ákvæði 29.gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur umsjón með gerð fræðsluefnis. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um gerð og uppsetningu fræðsluefnis og eftir atvikum leita leyfis stofnunarinnar ef um framkvæmdir er að ræða.

*J. P. P.
KVA
SM*

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Stekkjarhrauns í Stjórnartíðindum og verndaráætlun. Varðandi allar framkvæmdir innan náttúruvættisins ber að fylgja ákvæðum 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

8. gr.

Gjaldtaka og þjónustugjöld.

Hafnarfjarðarkaupstað er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan fólkvangsins svo sem leiðsögn um svæðið í samræmi við 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

9. gr.

Kostnaður vegna umsjónar.

Hafnarfjarðarkaupstaður kostar laun og annan kostnað vegna daglegs eftirlits, umsjónar og rekstrar á hinu friðlýsta svæði. Ef kemur til sameiginlegra verkefna samningsaðila í fólkvanginum vegna sérstakra aðstæðna skal samið hverju sinni, um framkvæmd verksins og skiptingu kostnaðar.

10. gr.

Skýrslugerð.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í fólkvanginum. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skal tilgreina um veittar undanþágur sbr. 8.gr. auglýsingar um fólkvanginn í Stekkjarhrauni, ástand lands og lífríkis, fræðslu, gestafjölda, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

11. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 og verndaráætlun.

12. gr.

Gildistími.

Gildistími samnings þessa fyrir fólkvanginn í Stekkjarhrauni er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að fimm árum liðnum. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

14. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

Handwritten signature and initials in blue ink, possibly reading "S. R. P." and "K. A." with a large flourish.


15. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor sammingsaðili einu eintaki og umhverfis- og auðlindaráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Hafnarfjörður 18. ágúst 2015

F.h. Umhverfisstofnunar



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar


Haraldur L. Haraldsson
býjarstjóri



Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra


Sigrún Magnúsdóttir

Vottar:

